

5. Magnús Öder Einarsson	Baldur	7,30 m
6. Jón Þór Pálsson	Vaka	7,04 m
7. Hákon Öder Einarsson	Baldur	7,00 m
8. Hannes Orri Ásmundarson	Skeið	6,99 m
9. Arnar Einarsson	Vaka	6,91 m
10. Jóann Páll Smárasón	Vaka	5,23 m

Telpur 13-14 ára

1. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldur	8,99 m
2. Iðunn Sigurðardóttir	Baldur	6,55 m
3. Gunnhildur Gísladóttir	Baldur	6,07 m
4. Aldís Baldursdóttir	Samhygð	6,06 m
5. Íris Björk Garðarsdóttir	Baldur	5,40 m
6. Harpa Almarsdóttir	Baldur	4,72 m

Piltar 13-14 ára

1. Hlynur Logi Erlingsson	Vaka	10,54 m
2. Guðmundur Bjarnason	Baldur	9,98 m
3. Jón Gautason	Baldur	6,95 m

Sveinar 15-16 ára

1. Gísli Gautason	Baldur	9,76 m
2. Jóhann Jónsson	Vaka	7,98 m

Úrslit

1. Baldur	204 stig
2. Vaka	98 stig
3. Skeiðamenn	52 stig
4. Samhygð	11 stig

Hvolp vantar heimili!

2 og hálfs mánaða gamall border-colly-blendingur, svartur með hvíta blesu og bringu. Er einn eftir af 5 systkinum og vantar gott heimili, helst í sveit. Áhugasamir hafi samband við Guðstein í síma 486-3322 eða 891-8856.

Dagskrá mánaðarins

Rúlluplasthreinsun	3. maí
Íþróttæfing í Þjósárveri	7. maí
Rúlluplasthreinsun	10. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	11. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	12. maí
Íþróttæfing í Þjósárveri	14. maí
Bingó í Þjósárveri	16. maí
Panta á Íþrótt- og leikjanámskeið	20. maí
Lokaæfing í Þjósárveri	21. maí
Fjör í Flóa	30. maí-1. júní
Afmælishátið Umf. Samhygðarog Kv. Gaulv.	21. júní



Áveitan



5. tbl, maí 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Íþrótt- og leikjanámskeið

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka ætla að endurtaka leikinn frá því í fyrra og standa fyrir íþrótt- og leikjanámskeiði í sumar í samstarfi við HSK. Námskeiðið stendur yfir dagana 9.-20. júní frá kl. 13:00 -15:30, alls 9 skipti. Mikil áhersla verður lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðinu. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjósárver og kennari er Ólafur Guðmundsson íþróttakennari.

Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-12 ára þ.e. þeim sem fædd eru á árunum 1996-2002. Foreldrar greiða kr. 3.500 pr. barn en ungmenntafélögin niðurgreiða afganginn, hvert fyrir sína félaga.

Foreldrar eru hvattir til að leyfa sem flestum að vera með. Tilvalið er að tala sig saman og skiptist á að keyra. Skráningar berist fyrir **20. maí** til þessarar:

Umf. Baldur:	Haukur	8668737
Umf. Vaka:	Haraldur	6998238
Umf. Samhygð:	Stefán	8676907

Með von um góða þátttöku nú eins og í fyrra.

Ungmennafélögin



Frá sveitarstjóra

Íbúafjöldi

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands frá 1. apríl eru íbúar í Flóahreppi 585 talsins. Þar af eru 309 karlar og 276 konur.

Elsti íbúinn er 97 ára og 4 eru á fyrsta ári. 42 íbúar eru á aldrinum 1 árs til 5 ára, 94 á aldrinum 6-16 ára, 47 á aldrinum 17 til 20 ára og 398 á aldrinum 21-98 ára. 1. desember 2007 var íbúafjöldi 575 þannig að íbúum hefur fjölgað um tæp 2% á þremur mánuðum.

Íbúafundur um fræðslumál

Fræðslunefnd Flóahrepps stóð fyrir íbúafundi í Flóaskóla fimmtudaginn 17. apríl. Fundurinn var boðaður til að kalla eftir hugmyndum og fá álit þeirra sem búa í sveitarfélaginu á því hvernig skólamálum verði best hagað til langs tíma lítið. Flóahreppur er sívaxandi samfélag og það húsnæði sem nú hýsir starfssemi Flóaskóla og Krakkaborgar að verða of lítið.

Í þriggja ára fjárhagsáætlun Flóahrepps er gert ráð fyrir fjármunum til framkvæmda við leik- og grunnskóla og á íbúafundi var m.a. verið að leita eftir hugmyndum íbúa um hvernig þeim fjármunum verði best varið. Leitað var svara og umsagna um eftirfarandi mál:

Hvort byggja ætti upp menntastofnanir Flóahrepps á einum stað og þjóna leikskóla- og grunnskólabörnum á sama stað.

Hvort að Flóahreppur ætti að starfrækja grunnskóla fyrir nemendur 1.-10.

bekkjar í stað 1.-7. bekkjar eins og gert er í dag en nemendur í Flóahreppi á unglingastigi sem stunda nám við Vallaskóla eru nú um 30 talsins.

Hvernig til hefði tekist með Flóaskóla en á sínum tíma var mikil vinna sett í undirbúning nýs skóla og kom sérstök undirbúningsnefnd, íbúar og ýmsir ráðgjafar að þeirri vinnu.

Hvernig til hefði tekist með þróun og vöxt leikskólans Krakkaborgar en leikskólinn flutti fyrir tæpum 4 árum í húsnæði gamla Þingborgarskólans. Leikskólinn hefur vaxið jafnt og þétt og þjónar nú um 40 börnum á aldrinum 9 mánaða til 6 ára.

Fundargestum var skipt upp í 8-10 manna vinnuhópa sem hver um sig fjölluðu um ofangreind málefni.

Niðurstöðu vinnunar er að vænta á næstu dögum.

Fundurinn var vel sóttur, eða um 50-60 manns sem mættu. Fundarmenn höfðu greinilega mikinn áhuga og sterkar skoðanir á fræðslumálum og voru umræður í lok fundar mjög fjörugar og jákvæðar.

Plasthreinsun

Rúlluplast verður hirt við svokallaðan neðri hring laugardaginn 3. maí n.k.

samkvæmt sorphirðudagatali og við efri hring laugardaginn 10. maí.

Gott er að hafa í huga við frágang plastsins að hrista hey úr því, losa það við aðskotahluti s.s. baggabönd, snæri, net ofl., þjappa því saman í viðráðanlegar einingar og geyma það á þurrum og skjólgóðum stað.

Sveinar 15-16 ára

1. Gísli Gautason	Baldur	1,45 m
2. Jóhann Jónsson	Vaka	1,45 m

Þrístökk án atrennu

Telpur 13-14 ára

1. Gunnhildur Gísladóttir	Baldur	5,93 m
2. Kristrún Steinþórsdóttir	Baldur	5,91 m
3. Harpa Almarsdóttir	Baldur	5,51 m
4. Íris Björk Garðarsdóttir	Baldur	5,37 m
5. Aldís Baldursdóttir	Samhygð	4,99 m
6. Iðunn Sigurðardóttir	Baldur	4,63 m

Piltar 13-14 ára

1. Hlynur Logi Erlingsson	Vaka	5,27 m
2. Guðmundur Bjarnason	Baldur	5,17 m
3. Jón Gautason	Baldur	4,76 m

Sveinar 15-16 ára

1. Gísli Gautason	Baldur	6,99 m
2. Jóhann Jónsson	Vaka	6,00 m

Kúluvarp

Hnátur 10 ára og yngri

1. Hanna Kristín Ólafsdóttir	Baldur	4,60 m
2. Sunna Skeggjadóttir	Baldur	4,44 m
3. Eyrún Gautadóttir	Baldur	3,63 m
4. Elizabet Bogans	Vaka	1,39 m
5. Margrét Inga Ágústsdóttir	Skeið	1,11 m
6. Lára Bjarnadóttir	Skeið	0,66 m

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Sigurður A. Jóhannesson	Baldur	6,28 m
2. Hannes Höskuldsson	Baldur	6,12 m
3. Matthías Bjarnason	Skeið	4,73 m
4. Hólmur Höskuldsson	Baldur	4,56 m
5. Sigurður A. Leifsson	Skeið	4,23 m
6. Bergsveinn V. Ásmundsson	Skeið	3,84 m
7. Guðmundur H. Ágústsson	Skeið	3,74 m
8. Sigurður J. Bogans	Vaka	3,38 m
9. Hlynur Þ. Róbertsson	Baldur	2,85 m
10. Hugl Snær Jónsson	Vaka	2,74 m
11. Elías Örn Jónsson	Vaka	1,07 m

Stelpur 11-12 ára

1. Ásrún Halla Loftsdóttir	Vaka	6,02 m
2. Birgitta Bjarnadóttir	Baldur	4,75 m

Strákar 11-12 ára

1. Hinrik Örn Lárusson	Skeið	8,35 m
2. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	7,77 m
3. Eyþór Smári Hjörvarsson	Skeið	7,62 m
4. Gylfi Dagur Leifsson	Skeið	7,54 m

6. Hinrik Örn Lárusson	Skeið	1,75 m
7. Magnús Öder Einarsson	Baldur	1,69 m
8. Gylfi Dagur Leifsson	Skeið	1,69 m
9. Jón Þór Pálsson	Vaka	1,60 m
10. Hákon Öder Einarsson	Baldur	1,59 m

Telpur 13-14 ára

1. Gunnhildur Gísladóttir	Baldur	1,96 m
2. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldur	1,95 m
3. Harpa Almarsdóttir	Baldur	1,89 m
4. Íris Björk Garðarsdóttir	Baldur	1,75 m
5 Aldís Baldursdóttir	Samhygð	1,73 m
6. Iðunn Sigurðardóttir	Baldur	1,53 m

Piltar 13-14 ára

1. Hlynur Logi Erlingsson	Vaka	1,81 m
2. Guðmundur Bjarnason	Baldur	1,70 m
3. Jón Gautason	Baldur	1,43 m

Sveinar 15-16 ára

1. Gísli Gautason	Baldur	2,20 m
2. Jóhann Jónsson	Vaka	2,12 m

Hástökk

Stelpur 11-12 ára

1. Ásrún Halla Loftsdóttir	Vaka	1,05 m
2. Birgitta Bjarnadóttir	Baldur	0,95 m

Strákar 11-12 ára

1. Eyþór Smári Hjörvarsson	Skeið	1,20 m
2. Arnar Einarsson	Vaka	1,15 m
3. Magnús Öder Einarsson	Baldur	1,15 m
4. Gylfi Dagur Leifsson	Skeið	1,10 m
5. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	1,10 m
6. Hákon Öder Einarsson	Baldur	1,05 m
7. Jón Þór Pálsson	Vaka	1,00 m
8. Hannes Orri Ásmundarson	Skeið	1,00 m
9. Jóann Páll Smárasen	Vaka	1,00 m
10. Hinrik Örn Lárusson	Skeið	0,95 m

Telpur 13-14 ára

1. Krístrún Steinþórsdóttir	Baldur	1,35 m
2. Íris Björk Garðarsdóttir	Baldur	1,25 m
3 Aldís Baldursdóttir	Samhygð	1,20 m
4. Gunnhildur Gísladóttir	Baldur	1,15 m
5. Iðunn Sigurðardóttir	Baldur	1,05 m
6. Harpa Almarsdóttir	Baldur	1,00 m

Piltar 13-14 ára

1. Hlynur Logi Erlingsson	Vaka	1,20 m
2. Guðmundur Bjarnason	Baldur	1,15 m
3. Jón Gautason	Baldur	0,90 m

Ágætu lesendur, gleðilegt sumar!

Um síðustu mánaðamót urðu nokkur vandræði við dreifingu Áveitunnar þar sem mistök urðu hjá Íslandspósti á Selfossi. Olli það því að stór hluti Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps fékk ekki blaðið sent. Þegar mistökin komu í ljós var orðið of seint að koma því á póstbílinn fyrir helgi þannig að á endanum keyrði ritstjóri blaðið sjálfur út, þ.e. í alla póstkassa sem hann fann. Hugsanlegt er að einhverjir hafi ekki enn fengið blaðið í hendur en er það þá vegna þess að enginn hefur fundist póstkassinn á hlaðinu. Þeir sem vilja nálgast síðasta tölublað geta haft samband við Fanneyju á Hurðarbaki, eða lesið það á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is Íslandspóstur á Selfossi hefur beðist velvirðingar á þessum mistökum og vonum við að þetta muni ekki gerast aftur.

Með þessu tölublaði fylgja giróseðlar til áskrifenda. Áskrifendur eru þeir sem ekki búa í Flóahreppi eða eru félagar í Samhygð eða Vöku. Áskriftargjaldið er sem fyrr 1000 kr. fyrir árið. Ef seðillinn verður ekki greiddur fyrir næstu mánaðamót er litið svo á að viðkomandi óski ekki eftir að fá blaðið sent lengur. Einnig er minnt á að hægt er gerast netáskrifandi en það kostar ekkert.

Pistillinn hefur fallið niður í tveimur blöðum í röð, en kemur nú í leitirnar á ný. Ritstjórar hafa borist nokkuð margar athugasemdir út af þessu og er það gott því það sýnir að lesendur virðast lesa pistlana og hafa gaman af. Við viljum minna pistlahöfunda á að bregðast skjótt við sé skorað á þá og skila pistlinum sínum sem fyrst. Einnig minnum við á að öllum er heimilt að senda inn efni og gerir það blaðið bara litríkara að fá efni úr sem flestum áttum. Sá sem er langiðnaðstur við að senda inn ýmiskonar efni er Eiríkur K. Eiríksson frá Gafli, í blaðinu núna er ein grein frá honum og fleiri bíða birtingar. Við þökkum Eiríki kærlega fyrir og viljum sem áður segir hvetja fleiri til að feta í hans fótspor.

Ritstjórar.

Bingó

Haldið verður bingó í Þjósárverri föstudaginn 16. maí kl 20:30. Bingóið er fjáröflun vegna vorferðar 6. og 7. bekkjar Flóaskóla. Fjöldi vinninga í boði. Allir velkomnir.

Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju á Hvítasunnudag

Fermt verður í Gaulverjabæjarkirkju á Hvítasunnudag 11. maí kl.

11:00. Þeir sem fermast eru:

Aldís Baldursdóttir	Klængsseli
Daðey Steinunn Sigurðardóttir	Hamarskoti
Ingveldur Þorsteinsdóttir	Syðra Velli
Karen Sif Heimisdóttir	Gegnishólaparti

Sóknarnefnd

Sumarstarfsmaður í Þjórsárveri

Félagsheimilið Þjórsárver óskar að ráða sumarstarfsmann. Vinna felst einkum í umhirðu lóðar, s.s. slætti, en einnig aðstoð við viðhald og uppbyggingu á svæðinu og sinningu tjaldsvæða. Þarf að vera skipulagður í vinnubrögðum og hafa bílpróf. Nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður Þjórsárvers í síma 862 2345.

Félagsheimilið Þjórsárver

Pistillinn

Sælir sveitungar!

Við hjónin í Efri –Gegnishólum höfum nú lokið eldskírn okkar sem formenn í þorablótsnefndinni og það var ótrúlega gaman á meðan á því stóð. Ég er svo heppin að eiga frábæra nágranna, sem ég vissi svo sem fyrir og allir hafa kynnst meira í gegnum allar samverustundirnar.

Jæja nú styttest í að prinsinn á bænum hann Ármann Baldur byrji í skólanum, sem hann hlakkar mjög til. Hann er byrjaður í skólaheimsóknnum með jafnöldrum sínum og er alsæll, hann byrjar í haust í Flóaskóla. Það verður fint að losna við að keyra hann í leikskólann ;)

Þegar hann fæddist hafði ekki fæðst hér í Efri-Gegnishólum barn í hundrað ár. Við erum búin að vera hér í 8 ár og líkar alltaf jafn vel, þetta er jú sveitin mín þar sem amma bjó og pabbi ólst upp í. Ég var aldrei hér í sveit sem krakki, hún Katla systir sem er tveimur árum eldri en ég var hér í mörg sumur. Ég var alltaf í íþróttum svo að ég var ekki talin heppilegur snúningur, þurfti alltaf frí um helgar. Eitt sumarið að mig minnir þegar ég var fjórtán ára voru tvær helgar sem ég var ekki að keppa allt sumarið, og núna eru það börnin mín sem ég þarf að keyra í keppni og æfingar oft í viku.

Ég ætla að skora á Einar í Egilsstaðakoti að skrifa næsta pistil;)

Kveðja, Hildur Harðardóttir Efri-Gegnishólum.

mótinu með 17 stig. Litlu munaði þó að bræðurnir frá Haugi, Brynjólfur og Jón slægju þeim við með frammistöðu sinni í frjálsíþróttum. Brynjólfur sigraði í 100 m hlaupi (12,3 sek.) og langstökki (5,73 m) og varð annar í 800 metrum. Jón sigraði í hástökki og varð annar í 100 metrum. Þeir urðu stigahæstu keppendur mótsins með 8 og 5 stig. Þriðji keppandi Samhygðar var Ásmundur Eiríksson í Ferjunesi sem keppti í drengjaglímu og varð annar. Þessir þrír Samhygðarmenn veittu Skeiðamönnum harða keppni og höfðu 15 stig upp úr krafsinu. Það sem gerði gæfumuninn var að keppt var í sundi í fyrsta sinn á héraðsmóti og þar sigruðu Skeiðamenn. Samhygðarmenn áttu enga sundlaug og því engan keppanda í sundinu en í þessi tvö skipti hafa þeir komist næst því að sigra á héraðsmóti. Eftir þetta varð hlé á þátttöku Samhygðarmanna í héraðsmótum en um framhaldið fjöllum við síðar.

Þingborgarmót 1. maí 2008

Úrslit

Langstökk án atrennu

Hnátur 10 ára og yngri

1. Sunna Skeggjadóttir	Baldur	1,63 m
2. Elizabet Bogans	Vaka	1,06 m
3. Margrét Ágústsdóttir	Skeið	0,81 m
4. Lára Bjarnadóttir	Skeið	0,65 m

Hnokkar 10 ára og yngri

1. Hannes Höskuldsson	Baldur	1,70 m
2. Sigurður J. Bogans	Vaka	1,64 m
3. Hólmur Höskuldsson	Baldur	1,51 m
4. Guðmundur H. Ágústsson	Skeið	1,51 m
5. Sigurður A. Jóhannesson	Baldur	1,48 m
6. Sigurður A. Leifsson	Skeið	1,44 m
7. Bergsveinn V. Ásmundsson	Skeið	1,41 m
8. Matthías Bjarnason	Skeið	1,29 m
9. Hugi Snær Jónsson	Vaka	1,15 m
10. Hlynur Þ. Róbertsson	Baldur	1,00 m

Stelpur 11-12 ára

1. Birgitta Bjarnadóttir	Baldur	1,82 m
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	Vaka	1,50 m

Strákar 11-12 ára

1. Arnar Einarsson	Vaka	1,83 m
2. Hannes Orri Ásmundarson	Skeið	1,80 m
3. Jóann Páll Smáráson	Vaka	1,78 m
4. Eyþór Smári Hjörvarsson	Skeið	1,78 m
5. Sveinn Orri Einarsson	Vaka	1,76 m

Brot úr sögu Samhygðar

Mörgum þykir athyglisvert að lesa um minnisverða hluti fortíðarinnar. Undir þessari fyrisögn munu á næstunni verða birtir ýmsir fróðleiksmolar úr 100 ára sögu Samhygðar sem Jón M. Ívarsson hefur tekið saman. Byrjum aðeins á íþróttasögunni:

Fyrstu keppendur Samhygðar á héraðsmóti á Þjósartúni voru Páll Guðmundsson á Baugsstöðum og Hallmundur Einarsson í Brandshúsum. Þeir tóku að öllum líkindum þátt í fyrsta héraðsmótinu árið 1910 en ekki fer sögum af afrekum þeirra fremur en margra annarra.

Fyrsti keppandi Samhygðar á héraðsmóti sem öruggar sögur fara af var Brynjólfur Gíslason frá Haugi, (föðurbróðir Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur) lengi gestgjafi í Tryggvaskála. Hann var sprettharður og mikill keppnismaður. Brynjólfur varð í þriðja sæti í langstökki og 800 metra hlaupi á Þjósartúni árið 1923. Hann stökk 5,14 í langstökki og hljóp 800 m á 2:25,0 mín sem myndi líklega ekki duga langt í dag. En þess er að gæta að völlurinn á Þjósartúni var ekki vel fallinn til afreka. Hringbrautin hallaði og var aðeins 180 metra löng og atrennan í langstökkinu var óslétt.

Á héraðsmótinu 1924 var bróðir Brynjólfs, Jón Gíslason frá Haugi síðar bóndi á Eystri-Loftsstöðum, meðal keppenda og stóð sig vel. Hann náði öðru sæti í 100 og 800 metra hlaupum, hástökki og langstökki og var annar stigahæsti maður mótsins með 8 stig. Þá fengu þrír fyrstu menn stig 3-2-1. Samhygð var í öðru sæti stigakeppninnar skammt á eftir Eyrbekkingum sem sigruðu. Á þessu móti keppti Sigmundur Jónsson á Syðra-Velli í glímu, fyrstur glímukappa Samhygðar. Sigmundur varð reyndar neðstur keppenda enda voru andstæðingar hans ýmist fyrrverandi, þáverandi eða tilvonandi skjaldarhafar Skarphéðins.

Á héraðsmótinu 1925 var Jón Gíslason aftur meðal keppenda. Aðrir keppendur Samhygðar voru Guðmundur Guðleifsson, síðar bóndi á Langsstöðum, sem keppti í drengjaglímu og Stefán Thorarensen í Hróarsholti sem keppti í hlaupum. Þá voru engin ungmennafélög starfandi í nágrannasveitunum og metnaðargjarnir ungir menn skipuðu sér undir merki Samhygðar. Reyndar var aðeins keppt í glímu og hlaupum á þessu héraðsmóti. Jón varð þriðji í 100 metra hlaupinu og annar í 800 metrunum en þar sigraði Stefán. Þeir voru því stigahæstir á mótinu ásamt sigurvegurum glímunnar með 3 stig hvor. Guðmundur varð annar í glímunni. Hrunamenn sigruðu á mótinu með 10 stig en Samhygð varð í öðru sæti með 8 stig svo litlu munaði.

Á héraðsmótinu 1926 voru Skeiðamenn mættir með fjölmennt lið og sigruðu á

Eiríkur K. Eiríksson skrifar:

Skemmtilegt kvöld í Þjósárveri

5. apríl 2008 boðaði Búnaðarfélag Villingaholtshrepps til samkomu í Þjósárveri. Tilefnið var 115 ára afmæli Búnaðarfélagsins. Veislan hófst með fordrykk í setustofu félagsheimilisins kl. 20:30. Síðan gengu gestir í sal þar sem borð voru skreytt með kertaljósum og rósum.

Samkomuna setti Ólafur Einarsson með stuttu ávarpi, það síðan Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson að vera veislustjóra. Sigurgeir kynnti sig og sagði veislugestum deili á sér, hvaðan hann væri og hvernig tilkomin. Bað hann gesti að syngja eitt lag við undirleik Heiðmars söngstjóra.

Svo var forréttur á borð borinn, en það var grænmetis- og rækjusalat með brauðsnúðum, smjöri og ölföng. Þegar gestir voru búnir að innbyrða forréttinn kynnti Sigurgeir næsta atriði, en það var myndasýning. “Slyde” myndum varpað á tjald. Myndir þessar sýndi Ólafur Sigurjónsson Forsæti, hafði Ólafur tekið þessar góðu heimildarmyndir á mörgum árum, bæði mannlífs- og náttúrlífsmyndir. Vel teknar, skemmtilegar og fróðlegar. Meðal annars af Surtseyjargosinu, Vatnajökulsgosinu og flóðum í Þjósá og Ölfusá. Fögnuðu gestir sýningunni. Að sýningu lokinni var aðalkvöldverður borinn fram á hlaðborði, lambalæri með öllu tilheyrandi.

Næsta skemmtiatriði var leikþáttur í bundnu máli. “Gilitrutt” sem leikinn var af heimafólki. Tómas Karl Guðsteinsson var sögumaður, Stefán Ólafsson bóndinn, Sigrún Sighvatsdóttir húsfreyjan og Guðmunda Ólafsdóttir Gilitrutt í öllu sínu veldi, og svo sprakk hún í lokin með háum hveli sem skaut áheyrendum skelk í bringu. Gerðu gestir góðan róm af sýningunni.

Veislustjórinn sagði nokkrar góðar lygasögur af Snæfellsnesi, taldi betra að segja sögur af sínum forfeðrum en móðga ef til vill veislugestina. Heiðmar spilaði nokkur lög og gestir tóku undir.

Næsta atriði á svið var sönghópur með nafnið “Góðir grannar” undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. Þrýðilega skemmtilegur hópur, söng mörg skemmtileg fjörug lög. Þau sem sungu voru þessi: Eyrún Jónasdóttir stjórnandi, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þórdís Guðmarsdóttir, Guðríður Júlíusdóttir, Valmundur Gíslason, Tyrfingur Sveinsson, Hermundur Guðsteinsson og Ísleifur Jónasson.

Síðasta atriði hátíðarinnar var svo afhending verðlauna. Formaður Búnaðarfélagsins afhenti Ólafi Sigurjónssyni í Forsæti fagran bikar í þakkætisskyni fyrir margvísleg félagsstörf í þágu sveitarinnar. Ólafur þakkaði fyrir heiðurinn og góða gjöf.

Allir gestir voru ánægðir eftir mjög svo skemmtilegt kvöld. Svo skemmtilegt að ég get alveg vorkennt því fólki sem er svo merkilegt með sig, að geta ekki mætt á þessa hátíð sem var á allan hátt til sóma.

Eiríkur K. Eiríksson

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Fréttir af aðalfundi

Aðalfundur kvenfélagsins var haldinn 8. mars. s.l. Á fundinn voru mættar 16 konur.

Valgerður á Mjósyndi setti fundinn, las síðan upp starfsskýrslu formanns og þar kom í ljós að heilmikið var um að vera á síðastliðnu ári. Anna Fía á Skálatjörn las síðan starfsskýrslu skemmtinefndar, og var ýmislegt skemmtilegt gert, s.s. ferð til Akureyrar í tilefni af 90 ára afmælinu okkar. Lilja á Urriðafossi skýrði reikninga félagsins. Síðan voru haldnar kosningar, Lilja gaf kost á sér til endurkjörs sem gjaldkeri og var hún klöppuð upp, og því er stjórn félagsins óbreytt, þ.e. Valgarður í Mjósyndi er formaður, Lilja á Urriðafossi er gjaldkeri og Sólveig á Skúfslæk er ritari. Síðan var kosið í skemmtinefnd, endurskoðandi kjörinn, fulltrúi á ársþing SSK og fulltrúi í eldri borgara nefnd var endurkjörin.

Aðalheiður í Vatnsholti sagði frá störfum húsnefndar á liðnu ári og eins því sem væntanlegt er og einnig kynnti hún fyrirhugaða breytingu á rekstrarformi félagsheimilisins. Kosnar foru þrjár konur til að taka að sér skipulagningu á Fjöri í Flóa fyrir kvenfélagið, og eru það Kristín á Hurðarbaki, Anna Fía á Skálatjörn og Aðalheiður í Vatnsholti.

Ákveðið var að Kvenfélagið hætti að sjá um söfnun vegna 50 ára afmælis íbúa í Villingaholtshreppnum, þar sem við búum orðið við svo breyttar aðstæður. Síðan voru ýmis önnur mál rædd á fundinum og bréf lesin sem lágu fyrir. Laufey í Egilsstaðakoti las fyrir okkur pistil sem hún hafði verið búin að undirbúa að flytja á 90 ára afmælinu okkar í haust, en hún komst ekki þá. Gyða í Kolsholtshelli kom með uppástungu um að halda námskeiðið “það er hollt að hlæja” og var ákveðið að stefna að því í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sólveig á Skúfslæk.

Vorfundur

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn fimmtudagskvöldið 5. júní n.k. kl 20:30 í Þjórsárveri. Súpa og meðlæti í boði gegn vægu gjaldi fyrir fundarkonur.

Sjáumst hressar.

Stjórnin.

Kvennahlaupið 2008

Eins og undanfarin ár, mun Kvenfélag Villingaholtshrepps standa fyrir Kvennahlaupi. Þetta er 19. Kvennahlaup ÍSÍ, og fer fram laugardaginn 7. júní n.k. Þema ársins er: “*Heilbriggt hugarfar, hraustar konur.*”

“Markmiðið er að vekja athygli á að lykill að vellíðan er að konur hugsi á heilbrigðan hátt um sjálfar sig og aðra. Lögð er áhersla á að

Eftirtaldir gáfu styrktarlínu til hlaupsins

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

JÁ Verk

VÍS

Eðalhús

Paralamp

Búnaðarfélag Gaulverja

Jötunn-Vélar ehf.

Afmælishátíð Umf. Samhygðar og

Kvf. Gaulverjabæjarhrepps

Í ár halda bæði Ungmennafélagið Samhygð og Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps upp á merkisafmæli. Þann 26. maí nk. eru 90 ár síðan Kvenfélagið var stofnað og þann 7. júní eru 100 ár frá stofnun Samhygðar. Að þessu tilefni ætla félögin að efna til afmælisfagnaðar í Félagslundi að kvöldi laugardagsins 21. júní. Öllum sveitungum og félögum verður boðið til hátíðarinnar sem ætlað er að verði hin glæslegasta í alla staði. Boðið verður upp á veislumat og skemmtiatriði auk þess sem saga félaganna fær að njóta sín í máli og myndum. Að lokinni dagskrá mun síðan Kántrísveitin Klaufar stíga á svið og spila fyrir dansi. Fólki er því bent á að taka kvöldið frá í tíma en nánara boð verður sent út síðar.

Rétt er að minna á að enn er hægt að taka við myndum úr starfi félaganna og sjá formenn félaganna um að taka við þeim en það eru þau Stefán í Gerðum og Margrét á Syðra Velli.

Stjórnir félaganna

30. Flóahlaup Umf. Samhygðar

Þann 12. apríl síðastliðinn fór Flóahlaup Samhygðar fram í 30. skipti. Alls tóku 92 hlauparar þátt og hlupu ýmist 3, 5 eða 10 km í blíðviðri. Eftir hlaupið var drukkið kaffi í Félagslundi og veitt verðlaun. Helstu úrslit fylgja með hér að neðan en heildarúrslit birtast á www.hlaup.is. Umf. Samhygð vill koma á framfæri bestu þökkum til þeirra sem unnu við hlaupið og þeirra sem styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti og birtast nöfn styrktaraðila hér að neðan.

Heildarúrslit 3 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	12:22	Mekkin Daniëlsdóttir	1995	ÍR
2	13:36	Reynir Zoëga	1999	BBLIK
3	13:39	Gestur Daniëlsson	1998	ÍR

Heildarúrslit 5 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	15:49	Þorbergur Ingi Jónsson	1982	BBLIK
2	17:32	Ingvar Haukur Guðmundsson	1988	FJÖLNIR
3	17:44	Vignir Már Lýðsson	1989	ÍR

Heildarúrslit 10 km

Röð	Tími	Nafn	Fæð.ár	Félag
1	33:47	Stefán Guðmundsson	1986	BBLIK
2	36:33	Stefán Viðar Sigtryggsson	1970	LAUGASKOKK
3	36:46	Örn Gunnarsson	1961	HÁDEGI

Eftirtaldir styrktu hlaupið með vöruútlátum

HP flatkókur

MS – Selfossi

Byko gaf verðlaunapeninga til hlaupsins

Önnur verðlaun gáfu

Fossdekk

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Frískir Flóamenn

Flóahreppur

Tryggingamiðstöðin

Sundhöll Selfoss



heilsa er allt í senn andleg, líkamleg og félagsleg. Konur eru því hvattar til að fagna því að þær eru eins ólíkar og þær eru margar og njóta þess fjölpætta ávinnings sem fylgir heilbrigðum lífsháttum svo sem jákvæðu hugarfari, daglegri hreyfingu og hollum matarvenjum. Að sama skapi ætti að varast að meta sig út frá staðalímyndum t.d. um útlit, þyngd eða fatastærð.”

Eins og undanfarin ár hlaupum, göngum eða skokkum við frá Gaflsvegamótum, í átt að Grund, þar sem 2 vegalengdir verða í boði. Kvennahlaupið hefst kl. 11:00. Þátttökugjald er 1000 kr. og fá allir þátttakendur bol og verðlaunapening. Einnig verður Egils Kristall í boði.

Ágætu konur! “Heilbriggt hugarfar, hraustar konur.”

Hittumst hressar þann 7. júní n.k. og fjölmennum í kvennahlaupið.

Framkvæmdaraðili f.h.

Kvenfélags Villingh.hr.

Valgerður Gestsdóttir

Buxur, vesti, brók og skór

Kvenfélag Villingaholtshrepps hyggst standa fyrir sýningu í Þjórsárveri í tengslum við “Fjör í Flóa.” Við óskum eftir *gömlum kvenfatnaði*, kjólum, höttum, skóm og veskjum sem sýna mismunandi tiskusveiflur. Ef fatnaðurinn á sér skemmtilega sögu væri gaman að fá hana með. Þið sem eigið áhugaverðan og sérstakan fatnað og viljið lána okkur á sýninguna, vinsamlega hafið samband við okkur fyrir 15. maí.

Anna Fía Skálatjörn s:483-3570

Aðalheiður Vatnsholti s:486-3404

Kristín Hurðarbaki s:486-3317

Flóamarkaður á “Fjör í Flóa”

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar einnig að standa fyrir flóamarkaði. Nú fer tími tiltektar í hönd, er þá ekki upplagt að líta í geymsluna og sjá hvort þar séu hlutir sem þú vilt losna við en gætu orðið dýrgripir í höndum nýrra eigenda. Allur ágóði mun renna óskiptur til góðgerðamála.

Þið sem viljið gefa muni í þetta verkefni getið komið þeim í eldhúsið í Þjórsárveri frá mánudegi 26. maí til fimmtudags 29. maí frá klukkan 9–11.

Anna Fía, Didda og Kristín.

Rúlluhey

Til sölu gott rúlluhey og reiðhjól af ýmsum stærðum, lítið notuð.

Gauti á Læk, gautibondi@emax.is

Sími 823-1541

Glimufréttir

Nú er glímútímabilinu lokið þennan veturinn. Æfingatímabilið hófst 6. nóvember en lauk með Bikarglímu Samhygðar þann 22. apríl. Alls voru haldnar 22 æfingar í Félagslundi þennan veturinn og var æfingasókn góð. 30 einstaklingar komu inn á þessar æfingar í vetur en urðu flestir 18 á einni æfingu. Þrír voru heiðraðir sérstaklega á Bikarglímunni fyrir góða æfingasókn í vetur en þau Guðrún Inga Helgadóttir, Jón Gunnþór Þorsteinsson og Þorgils Kári Sigurðarson komu öll á 20 æfingar af 22. Æfingahópurinn hefur verið áhugasamur og tekið góðum framförum í vetur og er útlit fyrir að glíman eigi sér bjarta framtíð hjá Samhygð og Vöku ef fer fram sem horfir.

Hluti hópsins hefur farið víða innan héraðs og utan og háð keppt við góðan orðstír eins og hefur áður verið rakið á síðum Áveitunnar og fara hér á eftir úrslit af síðustu mótum vetrarins.

Meistaramót og Sveitaglíma 16. ára og yngri haldin á Akureyri 29. og 30 mars

11-12 ára strákar +42 kg (13 keppendur)

4. Sveinn Orri Einarsson Vöku 0 v (í 4 manna úrslitariðli)

11-12 ára stelpur +42 kg (8 keppendur)

4. Guðrún Inga Helgadóttir Vöku 3,5 v.
5.-6. Ásrún Halla Loftsdóttir Vöku 3 v.
8. Margrét Ýr Bárðardóttir Samhygð 2 v.

13-14 ára telpur +52 kg. (3 keppendur)

1. Ingveldur Þorsteinsdóttir Samhygð 2 v. Íslandsmeistari

15-16 ára meyjar (4 keppendur)

2. Áslaug Ýr Bragadóttir Samhygð 2 v.

Í sveitaglímunni var Sveinn Orri í sigursveit HSK í flokki stráka 11-12 ára. Guðrún Inga, Ásrún Halla og Margrét Ýr skipuðu sveit HSK í flokki stelpna 11-12 ára sem lenti í 2. sæti. Áslaug Ýr og Ingveldur voru í sigursveit HSK í flokki meyja 15-16 ára.

Skjaldarglíma Skarphéðins 2008

Héraðsmót Skarphéðins í glímu fór fram í Reykholti í Biskupstungum laugardaginn 12. apríl 2008.

Skjaldarglíma Skarphéðins (6 keppendur)

1. Stefán Geirsson Samhygð 4,5 + 1 v.

Drengir 13-14 ára (5 keppendur)

1. Hlynur Logi Erlingsson Vöku 4 v.

Meistaramót Íslands 12-14 ára, innanhúss 2008.

Meistaramót Íslands innanhúss fór fram dagana 5. og 6. apríl sl. Vaka átti þar 2 keppendur sem kepptu meðal HSK. Þeirra árangur var þessi:

60m hlaup undanúrslit

5. Arnar Einarsson 9,34 sek
25. Halldór Bjarnason 10,45 sek

60m hlaup úrslit

7. Arnar Einarsson 9,37 sek

Hástökk

11-13. Halldór Bjarnason 1,05 m
11-13. Arnar Einarsson 1,05 m

INNANHÚSÆFINGAR – LOKAHÓF

Nú fer frjálssípróttaæfingum innanhús að ljúka og verður síðasta æfingin þann 21. maí n.k., þá verður haldið lokahóf og gert ýmislegt skemmtilegt. Þann 21. maí verður æfingin því klukkutíma lengri, eða frá 17:30 – 19:30. Öllum þeim sem hafa stundað æfingar í vetur er velkomið að mæta.

Utanhússæfingar hefjast síðan í júní og verða auglýstar nánar síðar.

Íþróttanefnd

Fjör í Flóa

Ungmennafélagið Vaka ætlar að standa fyrir kvöldvöku á Fjöri í Flóa, nánar tiltekið föstudagskvöldið 30. maí á útisvæðinu við Þjórsárver. Þar verður kveikt upp í grillum svo að fólk getur tekið með sér eitthvað gott á grillið til að snæða. Leikdeild Umf. Vöku mun standa fyrir útileikhúsi og sýna leikverkið um hana Gilitrutt.

Einnig er ætlunin að blása glæður í forna aflraunakeppni og standa fyrir reiptogskeppni. Keppni í reiptogi var algeng á fyrri hluta síðustu aldar og átti Villingaholtshreppur hinn forni sterkt reiptogslíð sem þótti með þeim allra hraustustu hér á landi.

Á kvöldvökunni verður keppt milli tveggja liða. Hvert lið er skipað 8 einstaklingum og eiga a.m.k. tvær konur að vera í hvoru liði. Það lið sem fyrr vinnur tvo bardaga er sigurvegari. Á næstu dögum verða ráðnir formenn keppnisliðanna. Þessir einstaklingar, sem annálaðir eru fyrir keppnissskap og hreysti, munu síðan afla sér liðsfélaga úr Flóahrepp. Einu skilyrðin eru að keppendur skuli eiga lögheimili og fasta búsetu í Flóahrepp og þurfa a.m.k. tveir keppendur hvors liðs að koma úr hverjum hinna “gömlu hreppa”.

Það er því óhætt að segja að þetta verður skemmtileg kvöldstund fyrir alla fjölskylduna. Heitt á kolunum, leiktæki og skemmtun fyrir börnin, útileikhús og síðast en ekki síst, æsispennandi reiptogskeppni þar sem kemur í ljós hver hreystimenni Flóahrepps eru. Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Umf Vaka

Fréttir frá Umf. Vöku

VÍÐAVANGSHLAUP 2008

Viðavangshlaupið var haldið í landi Mjósyndis á sumardaginn fyrsta, 24. apríl, síðastliðinn. Fjölmargin þáttakendur voru eða alls 77, hér má sjá úrslit hlaupsins:

Röð	Nafn	Tími		Tími	
1.	Haraldur Einarsson	5:56	40.	Þóra Björk Sigurðardóttir	14:51
2.	Jóhann Jónsson	6:09	41.	Þórunn Elva Bjarkadóttir	14:51
3.	Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir	6:40	42.	Hulda Kristjánsdóttir	15:03
4.	Halldór Bjarnason	6:50	43.	Soffía Náttól Andradóttir	15:03
5.	Sveinn Orri Einarsson	6:59	44.	Kristín Tómasdóttir	15:29
6.	Erlingur Snær Loftsson	7:23	45.	Ragnheiður Sól Jansson	15:29
7.	Ásrún Halla Loftsdóttir	7:25	46.	Elizabeth Karen Bogans	16:12
8.	Thelma Dröfn Ásmundóttir	7:37	47.	Kristín Sigurðardóttir	16:12
9.	Flóki Larsen	7:40	48.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	17:08
10.	Þorgils Kári Sigurðursson	7:43	49.	Sigurbjörg Eva Ernudóttir	17:09
11.	Jón Þór Pálsson	7:43	50.	Jón Geirsson	17:14
12.	Ólafur Þorri Sigurjónsson	7:46	51.	Hjalti Geir Jónsson	17:14
13.	Signý Kristín Sigurjónsdóttir	7:57	52.	Jón Finnur Ólafsson	17:41
14.	Jóhann Helgi Hlökkversson	8:04	53.	Bjarnfríður L. Guðsteinsdóttir	17:41
15.	Arnar Einarsson	8:29	54.	Ólafur Þór Jónsson	17:41
16.	Víkingur Freyr Erlingsson	8:30	55.	Pétur Þór Brynjólfsson	19:15
17.	Þráinn Elíasson	8:52	56.	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	20:06
18.	Sólveig Jóhannesdóttir	9:02	57.	Sandra Dís Sigurðardóttir	20:06
19.	Nacline Zimmermann	9:19	58.	Arnór Leví Sigmarsson	20:06
20.	Aðalsteinn Sveinsson	9:20	59.	Guðbjörg Þórunn Gestsdóttir	20:13
21.	Margrét Ormsdóttir	9:35	60.	Eyrún Sif Elíasdóttir	20:13
22.	Daníel Aron Davíðsson	10:42	61.	Erna Jóhannesdóttir	20:13
23.	Sigurður Jefferson Bogans	10:57	62.	Sigrún Helgadóttir	20:25
24.	Jóann Páll Smárasen	11:04	63.	Ólöf Vala Heimisdóttir	20:25
25.	Hlynur Logi Erlingsson	11:33	64.	Fanney Ólafsdóttir	20:31
26.	Almar Yngvi Garðarsson	11:55	65.	Sigurjón Reynisson	20:31
27.	Ída Bjarnadóttir	12:01	66.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	20:49
28.	Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir	12:01	67.	Marta Brynjólfssdóttir	20:49
29.	Guðmundur Bjarki Sigurðsson	12:15	68.	Valgerður Gestsdóttir	20:50
30.	Dagur Fannar Einarsson	12:21	69.	Sólveig Þórðardóttir	20:52
31.	Einar Helgi Haraldsson	12:21	70.	Eiríkur Árnason	20:52
32.	Unnsteinn Reynisson	12:30	71.	Agnes Þorsteinssdóttir	21:49
33.	Reynir Þór Jónson	12:30	72.	Embla María Böðvarsdóttir	21:49
34.	Anna Kristín Kristjánsdóttir	12:44	73.	Sveinn Þórarinnsson	23:20
35.	Kristín Stefánsdóttir	12:52	74.	Sigmar Aðalsteinsson	23:20
36.	Anna Guðbergsdóttir	13:14	75.	Aldís Tanja Söndrudóttir	23:20
37.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	13:42	76.	Lilja Böðvarsdóttir	24:00
38.	Alexander Ó. Br. Kristjánsson	14:50	77.	Daði Kolviður Einarsson	24:00
39.	Sigríður Jóna Kristjánsdóttir	14:50			

Strákar 11-12 ára (16 keppendur) úrslit (6 keppendur)

4. Sveinn Orri Einarsson Vöku 2 v.

Adam Ólafsson, Sigurgeir Steinarsson og Viðar Janus Helgason allir úr Samhygð kepptu einnig í þessum flokki en komust ekki í úrslit.

Telpur 13-14 ára (5 keppendur)

2. Marín Laufey Davíðsdóttir Samh. 3 v.
3. Ingvaldur Þorsteinsdóttir Samh. 2 v.

Stelpur 11-12 ára (15 keppendur) úrslit (6 keppendur)

1. Guðrún Inga Helgadóttir Vöku 4,5 v.
2-3. Margrét Ýr Bárðardóttir Samh. 3 + 0,5 v.
2-3. Ásrún Halla Loftsdóttir Vöku 3 + 0,5 v.

Bikarglíma Samhygðar 2008

Bikarglíma Samhygðar fór fram í 21. sinn í Félagslundi þriðjudagskvöldið 22. apríl að viðstöddum foreldrum og fjölda áhorfenda. Keppendur voru 19 talsins frá ungmennafélögunum Samhygð og Vöku en þeir höfðu æft glímu um veturinn undir handleiðslu Stefáns Geirssonar glímukappa. Keppt var í tveimur flokkum drengja og tveimur stúlknaflokkum. Sigurvegarar í eldri flokkunum og þar með bikarmeistarar Samhygðar voru Hlynur Logi Erlingsson Vöku og Marín Laufey Davíðsdóttir Samhygð.

Jón M. Ívarsson var dómari á mótinu ásamt Markúsi Ívarssyni og Ólafi Oddi Sigurðssyni formanni Glímusambandsins. Í tilefni þess að 20 ár liðin síðan Jón hóf að stjórna glímuæfingum í Félagslundi og hélt fyrstu Bikarglímuna afhenti Stefán Geirsson honum blómavönd og þakkaði honum frumkvöðlastarf í glímunni sem hefur fætt af sér fjölmarga glímumenn á landsmælikvarða. Jón þakkaði og minntist góðra stunda í glímustarfinu.

Strákar eldri flokkur		1	2	3	4	5	Vinn.
1.	Hlynur Logi Erlingsson	Vöku	X	1	1	1	4
2.	Marteinn Steinarsson	Samh.	0	X	1	1	3
3.	Sveinn Orri Einarsson	Vöku	0	0	X	1	2
4.-5.	Haukur Snær Gunnarsson	Samh.	0	0	0	X ½	0,5
4.-5.	Sveinn Ágúst Sverrisson	Samh.	0	0	0	½ X	0,5

	Stúlkur eldri flokkur		1	2	3	Vinn.
1.	Marín Laufey Davíðsdóttir	Samh.	X	1	1	2
2.	Ingvaldur Þorsteinsdóttir	Samh.	0	X	1	1
3.	Hugrún Hlín Gunnarsdóttir	Samh.	0	0	X	0

	Strákar yngri flokkur		1	2	3	4	5	6	Vinn.
1.	Þorgils Kári Sigurðarson	Vöku	X	1	1	1	1	1	5
2.	Viðar Janus Helgason	Samh.	0	X	1	1	1	1	4
3.	Magnús Freyr Bárðarson	Samh.	0	0	X	1	1	1	3
4.	Sigurgeir Steinarsson	Samh.	0	0	0	X	1	1	2
5.	Jón Gunnþór Þorsteinsson	Samh.	0	0	0	0	X	1	1
6.	Þórarinn Guðni Helgason	Samh.	0	0	0	0	0	X	0

	Stúlkur yngri flokkur		1	2	3	4	5	Vinn.
1.	Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	X	½	1	½	1	3 + 1
2.	Ásrún Halla Loftsdóttir	Vöku	½	X	1	½	1	3 + 0
3.	Margrét Ýr Bárðardóttir	Samh.	0	0	X	1	1	2
4.	Hrefna Leifsdóttir	Samh.	½	½	0	X	½	1,5
5.	Helga Leifsdóttir	Samh.	0	0	0	½	X	0,5

Bikarglíman var tekinn upp á myndband af Lárusi Kjartanssyni framkvæmdastjóra Glímusambandsins og geta áhugasamir eignast eintak á mynddiski á 1000 kr. Þeir sem hafa hug á því geta haft samband við Stefán Geirsson í síma 867-6907.

Þjálfari

Fjör í æðar færist

Eins og fram hefur komið verður sveitarhátíðin Fjör í Flóanum haldin nú í lok mánaðarins, eða dagana 30. maí – 1. júní. Undirbúningur er í fullum gangi og verður margt á seyði.

Þar má nefna tvær málverkasýningar, aðra í Þjórsárveri en hina í Tré og list í Forsæti. Opið hús verður í íslenska bænum í Austur-Meðalholtum, hjá Jóhanni Helga og Co í Vatnsholti 2, í ferðamannafjórðungi í Egilsstaðakoti, einnig í leikskólanum Krakkaborg og á skrifstofu Flóahrepps og e.t.v fleiri stöðum. Sveitabúðin Sóley og Ullarvinnsalan í Þingborg verða opnar og í félagsheimilunum verða fjölbreyttar sýningar og veitingasala. Krakkar og fullorðnir geta brugðið sér í furðuþróttamót og hoppkastala, boðið verður upp á morgunmat, fyrirlestur um atferli sauðfjár, útihátíð, grill, áskor- endakeppni, tónleika með gleðisveitinni South River Band á laugard- agskvöldinu í Þingborg og svo framvegis. Gönguferðir og skoðun á fallegum og merkum stöðum í sveitinni eru á dagskránni. Ýmislegt er þá ótalið, en hátíðin verður nánar auglýst í Glugganum og á www.floahreppur.is.

Enn er hægt að bæta við dagskrána og geta þeir sem vilja vera með haft samband í netfangið hgun@simnet.is eða í síma 892-8202.

Undirbúningsnefndin

Frá Flóaskóla

Fræðslunefnd Flóahrepps stóð nýlega fyrir íbúafundi um skólamál. Fundurinn var haldinn í Flóaskóla og var mjög vel sóttur. Eindreginn vilji virðist vera meðal íbúa hreppsins til þess að starfrækja unglingadeild við Flóaskóla. Áber- andi var hversu metnaðarfullar og jákvæðar umræður voru og hve mikill áhugi var meðal fundarmanna á skólamálum almennt. Mjög margir lýstu yfir ánægju með starfsemi leikskólans og grunnskólans og vilja sjá áframhaldandi samstarf þeirra og frekari uppbyggingu.

Hafsteinn Óskar í 7. bekk náði frábærum árangri fyrir hönd Flóaskóla í Stóru upplestrarkeppninni og varð í 3. sæti. Þetta er annað árið í röð sem nemendur okkar ná verðlaunasæti í keppninni. Við erum stolt af þessum árangri og óskum Hafsteini innilega til hamingju.

Fulltrúar okkar í skólahlaupi HSK stóðu sig með prýði. Þrátt fyrir að við höfum ekki unnið til verðlauna var eftir því tekið að nemendur okkar voru til fyrir- myndar í hegðun og framkomu og skóla sínum til sóma. Glæsilegt - áfram svona krakkar!

Miðvikudaginn 23. apríl var forráðamönnum boðið á opið hús í skólanum. Skólastjóri fór í stuttu máli yfir skipulag vegna næsta skólaárs. Forráðamenn fengu sér kaffi, spjölluðu og heimsóttu börn sín í kennslustofur. Umsóknar- frestur um lausar stöður er nýliðinn, 4 umsóknir bárust og þessa dagana er verið að vinna úr umsóknum og taka viðtöl.

Föstudagurinn 25. apríl var viðburðaríkur hjá nemendum í 3.-7. bekk. Nemendur í 3.-4. bekkur fóru í náttúrufræðiskoðun í Alviðru en nemendur í 5.-7. bekk fóru í heimsókn í miðstöð í jarðskjálftafræðum á Selfossi. Báðar ferðirnar voru mjög fræðandi og áhugaverðar. Þess má geta að nemendur fengu lof fyrir háttvísi og góða framkomu og að vera skóla sínum góðir fulltrúar. Það er ánægjulegt að geta sent nemendur í vettvangsferðir og fengið svo góðar umsagnir um þá.

Nemendur í 7. bekk hafa undanfarið unnið að verkefni á vegum lýðheilsustöðvar sem snýr að því að hvetja nemendur til að vera reyklúsir um alla ævi. Nem- endur unnu meðal annars forvarnarverkefni í tölvu, sem þeir sendu í samkeppni Lýðheilsustöðvar. Niðurstöður verða tilkynntar í vor.

Forráðamenn átta nemenda í verðandi 1.-4. bekk hafa óskað eftir skólavistun fyrir börn sín frá og með haustinu. Sveitarstjórn tekur málið vonandi fyrir fljótlega og tekur ákvörðun um framhaldið. Verði skólavistun starfrækt við Flóaskóla næsta haust verður fyrirkomulag hennar auglýst þegar nær dregur hausti.

Að lokum hvet ég sveitunga til að mæta á bingó sem nemendur í 6.-7. bekk standa fyrir föstudagskvöldið 16. maí í Þjórsárveri. Bingóið er fjórðun þeirra vegna vorferðar.

Gleðilegt sumar! Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.